



**FUNDARGERÐ SKÓLARÁÐS FJÖLBROTASKÓLANS Í
GARÐABÆ 5. FUNDUR Á HAUSTÖNN 2012
ÞRIÐJUDAGINN 23. OKTÓBER KLUKKAN KL. 10:35**

1. Bréf o.fl. erindi.

A. Umsóknir um leyfi (sjá minnisblað)

Afgreiðsla leyfa er send á netföng nemenda hér í skólanum.

Skólaráð ítrekar að leyfi eru ekki gefin vegna ferða nema um sé að ræða keppnisferðir á vegum íþróttafélaga og/eða námsferða en bendir á að leyfi eru veitt í annarlok svo fremi sem skólasókn er að öðru leyti góð.

B. Önnur bréf

Nemandi sækir um undanþágu frá dönsku og 3ja máli til stúdentsprófs. (sjá minnisblað).

Erindinu er vísað til viðkomandi kennslustjóra til umsagnar.

Fjarnemandi óskar eftir endurgreiðslu fjarnáms. (sjá minnisblað)

Skólaráð samþykkir að kennslugjaldið megi geyma til næstu annar, innritunargjald er ekki endurgreitt.

Fjórir nemendur segja sig frá námi á haustönn 2012. (sjá minnisblað)

2. Skólasókn og skólasóknarreglur

Yfirlit skólasóknar nemenda lagt fram. (Fylgiskjal 1).

3. Félagslíf og fjármál NFFG

Fulltrúar nemenda voru ekki mættir á fundinn og sagði félagsmálafulltrúi frá því helsta sem nemendafélagið hefur staðið fyrir. FIFA-mót var haldið í síðustu viku og tókst framkvæmdin mjög vel. Leikfélagið stóð fyrir rokkkvöldi sem var vel sótt. Salsaball verður haldið 1.nóvember n.k. og verið er að skipuleggja dömukvöld. Þessu til viðbótar eru leikprufur fyrir uppfærslu söngleiks í fullum gangi.

Í máli skólameistara kom fram að hann óskar eftir tveim fulltrúum nemenda í jafnréttisnefnd skólans. Einnig einum fulltrúa foreldra og var fulltrúa foreldra á fundinum falið að koma erindingu til stjórnar foreldraráðsins.

4. Önnur mál

Skólaráð sendir fimleikafólki skólans innilegar hamingjuóskir með frábæran árangur á Evrópumótinu.

Fundinn sátu:

Anna Guðrún Hugadóttir námsráðgjafi

Atli Guðnason fulltrúi kennara

Ásta Ólafsdóttir fulltrúi foreldra

Elísabet Siemsen aðstoðarskólameistari og fundarritari

Fríða Gylfadóttir fulltrúi kennara

Guðmundur Stefán Gíslason verkefnastjóri

Kristinn Þorsteinsson skólameistari

Snjólaug Bjarnadóttir áfangastjóri

Tinna Ösp Arnardóttir félagsmálafulltrúi

Unnur Símonardóttir námsráðgjafi